



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
23. eigendafundar Strætó bs.
Molinn, Hábraut 2, Kópavogi
Mánudaginn 25. maí 2020, kl. 11:15

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg, með fjarfundabúnaði
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri, Kópavogs
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði
Hjálmar Sveinsson, Reykjavík
Sigrún Edda Jónsdóttir, Seltjarnarnesi.

Enn fremur sátu fundinn Hrafnkell Á. Proppé, verkefnastjóri Borgarlínu, Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs., Hildigunnur Hafsteinsdóttir frá SSH og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1) Umræður um rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Í samkomulagi við ríkið frá 26.september 2019 varðandi rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að í tengslum við uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu sé horft til uppfærðra rekstraráætlana almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.m.t. um rekstur Borgarlínu. Stofnaður verður hópur sem vinna mun að uppfærðri rekstraráætlun og skal áætlunin liggja fyrir í síðasta lagi haustið 2020 ásamt nauðsynlegum tímaáætlunum.

Umræður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Niðurstaða fundar:

Samþykkt er að stofna hóp sem vinna mun að uppfærðri rekstraráætlun og tímaáætlun. Nánari tilhögun og skilgreiningu á vinnu hópsins er vísað til stjórnar SSH sem taka mun málið fyrir á fundi stjórnar 8.júní n.k. Er framkvæmdastjóra SSH falið að vinna að drögum að erindisbréfi hópsins.

Fleira ekki gert - fundi slitið kl. 12:10.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.